

Brynjólfur Steingrímsson
Lambhaga 18
225 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2015
Tilvísun: UST20140900163/ksj

Umsókn um framkvæmd á verndarsvæði Mývatns og Laxár, í landi Grímsstaða 4

Vísað er til umsóknar Brynjólfs Steingrímssonar er barst 29. október sl. þar sem óskað er leyfis til að byggja íbúðarhús alls 104 m² að umfangi á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Ofangreint verndarsvæði er í landi Grímsstaða 4.

Áður hefur komið inn erindi um byggingu frístundahúss á sömu lóð í landi Grímsstaða 4 og byggingu íbúðarhúss á sömu lóð.

Lýsing á framkvæmd sem sótt er um

Sótt er um að byggja íbúðarhús á tveim hæðum á lóð í landi Grímsstaða 4, Skútustaðahreppi. Grunnmynd neðri hæðar er skv. teikningum frá umsækjanda alls 104 m² og svefnloft á efri hæð er 43,5 m². Mænishæð húss er gefin upp sem 5,06 m. Á loftmynd yfir áætlaða lóð kemur fram að byggingarreitur er sýndur í 108 m fjarlægð frá Mývatni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að húsið verði í mildum jarðlitum er falla að umhverfinu eins og teikningar sýna.

Afmörkuð lóð fyrir húsið sem sótt er um að byggja á, er áætluð 4226 m² og er staðsett innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður – Þingeyjarsýslu.

Framkvæmdinni tilheyrir að koma þarf fyrir rotþró og siturlögn og framkvæmdir við vegagerð vegna vegar er myndar aðkomu að húsinu.

Umhverfisstofnun ítrekar að frístundahús eru ekki leyfð innan verndarsvæðis sbr. 17 gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áhrifamat

Húsbyggingin mun hafa í för með sér rask á sjálfu byggingarsvæðinu vegna jarðvegsskipta og gerð sökkla ásamt því raski sem sjálf byggingin hefur á nánasta umhverfi byggingarreits. Framkvæmd við að staðsetja rotþró ásamt siturlögn mun einnig hafa rask í för með sér. Byggingin mun hafa neikvæð sjónræn áhrif á verndarsvæðið og ásýnd að vatninu. Rask

verður vegna framkvæmda við vegagerð þegar vegur verður lagður að ofangreindri lóð.

Umhverfisstofnun hefur leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um stofnun ofangreindrar lóðar í landi Grímsstaða 4. Náttúrufræðistofnun hefur gefið umsögn dagsetta 3. desember 2013. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að halda eigi verndarsvæðinu eins lítt röskuðu og mögulegt er bæði vegna hættu á eyðingu búsvæða og hugsanlegrar mengunar.

Umhverfisstofnun hefur einnig leitað umsagnar Rannsóknastöðvar við Mývatn um áætlun byggingar á ofangreindri lóð í landi Grímsstaða 4, og hefur Rannsóknastöðin gefið umsögn um ofangreinda umsókn, þar kemur eflirfarandi fram: "RAMÝ telur ekki líklegt að þessi tiltekna framkvæmd kæmi til með að skerða fuglalíf, raska lífríki eða jarðmyndunum við Mývatn."

Einnig var leitað til Skipulagsstofnunar varðandi vegagerð á verndarsvæði Mývatns og Laxár, en leggja þarf vegi vegna byggingarinnar sem sótt er um leyfi fyrir og flokkast sú veglagning sem nýr vegur á verndarsvæði utan þéttbýlis. Niðurstaða Skipulagsstofnunar um það hvort tilkynna þyrfti vegagerðina í samræmi við lið 10c í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum var sú að umfang fyrirhugaðs vegar væri talið verða lítið, og auk þess yrðu fyrirbyggjandi vegslóðar nýttir. Stofnunin taldi efnistöku vegna framkvæmdarinnar verða langt undir viðmiðum 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því taldi stofnunin ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd myndi hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, og því ekki þörf á að tilkynna vegagerðina til Skipulagsstofnunar á grundvelli 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir þó á að byggingarframkvæmdir innan verndarsvæðisins eru smám saman að þrengja að því á ýmsa vegu, auk þess sem brýnt er að auka ekki álag á vatnið með losun næringarefna.

Skilyrði

Umhverfisstofnun heimilar hér með framkvæmdir við byggingu íbúðarhúss á tveim hæðum innan verndarsvæðis í landi Grímsstaða 4, með eftirfarandi skilyrðum:

- ° Að umrædd bygging og tengdar framkvæmdir falli vel að umhverfinu.
- ° Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í algjöru lágmarki, og að stofnuninni verði tilkynnt þegar framkvæmdir hefjast.
- ° Að frárennsli frá húsi verði í samráði og með samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar.
- ° Að stofnuninni verði tilkynnt þegar framkvæmdir við fráveitu hefjast.
- ° Að á lóð viðkomandi húss verði eingöngu ræktaðar innlendar tegundir, en skv. 10.gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum (þar með talið 200 m verndarsvæði kringum Mývatn), á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m yfir sjó.



°Að við allar framkvæmdir verði leitast við að skerða ekki né trufla fuglalíf, og að forðast skuli rask á lífríki og jarðmyndunum ef þess er nokkur kostur. Að framkvæmdir verði takmarkaðar yfir varptíma fugla við vatnið.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Nánara fyrirkomulag og umfang eftirlits verður ákveðið með hliðsjón af tímasetningu og nánari útlistun framkvæmda og aðkomu annarra eftirlitsaðila.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri